

Minnisblað

Framkvæmd ársreikningaskrár við gerð kröfu um skipti á búi félaga

1. Í minnisblaði þessu verður gerð grein fyrir framkvæmd ársreikningaskrár ríkisskattstjóra við gerð kröfu um slit félaga skv. 121. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006 (hér eftir lög nr. 3/2006) og reglugerðar nr. 1175/2021 um framkvæmd ársreikningaskrár við gerð kröfu um slit félaga (hér eftir reglugerð nr. 1175/2021). Í 1. mgr. 121. gr. laga nr. 3/2006 kemur fram að ef ársreikningi eða samstæðureikningi hefur ekki verið skilað innan sex mánaða frá því að frestur skv. 109. gr. laganna til skila á ársreikningi eða samstæðureikningi er liðinn eða frá því að ársreikningaskrá hefur komist að þeirri niðurstöðu að skýringar eða upplýsingar með ársreikningi eða samstæðureikningi sem lagður hefur verið fram til opinberrar birtingar hafi ekki verið fullnægjandi skv. 3. mgr. 120. laganna skal ársreikningaskrá krefjast skipta á búi félagsins.
2. Krafa um skipti getur hvort sem er komið til vegna félaga sem ekki skila ársreikningi eða eftir atvikum samstæðureikningi innan frests skv. 109. gr. laga nr. 3/2006 og félaga sem skila ársreikningi en ársreikningaskrá hefur komist að þeirri niðurstöðu að skýringar eða upplýsingar með ársreikningi eða samstæðureikningi félags sem lagður hefur verið fram til opinberrar birtingar hafi ekki verið fullnægjandi, sbr. 1. mgr. 121. gr. laga nr. 3/2006. Tilkynningar og frestir:
3. Upphafstími frests og útsending tilkynninga:
 - a. Ef félag skilar ekki ársreikningi eða samstæðureikningi innan sex mánaða frá því að frestur til skila rann út sendir ársreikningaskrá tilkynningu til félagsins þar sem veittur er fjögurra vikna frestur til að gera rétt skil, að öðrum kosti verði félagið tekið til skipta.
 - b. Ef félag hefur ekki veitt fullnægjandi skýringar eða upplýsingar með ársreikningi eða samstæðureikningi að mati ársreikningaskrár tilkynnir skráin félaginu um þá afstöðu sína. Þegar sex mánuðir eru liðnir frá þeim tíma og ekki hefur verið bætt úr vanköntunum skal ársreikningaskrá senda aðra tilkynningu til félagsins þar sem veittur er fjögurra vikna frestur til þess að skila ársreikningi eða samstæðureikningi sem uppfyllir kröfur laga nr. 3/2006, að öðrum kosti verði félagið tekið til skipta
 - c. Ef ákvörðun ársreikningaskrár um að skýringar eða upplýsingar með ársreikningi eða samstæðureikningi hafi ekki verið fullnægjandi er kærð til yfirsattanefndar skal miðað upphaf sex mánaða frestsins við það tímamark þegar niðurstaða yfirsattanefndar liggur fyrir.
4. Eftir að fjögurra vikna fresturinn hefur verið veittur í ofangreindum tilkynningum veitir ársreikningaskrá ekki frekari fresti. Ef félag skilar ekki innan þessara tímamarka getur stjórn félags eða framkvæmdastjóri þess sótt þing og getur þá héraðsdómari orðið við beiðni félagsins um að fresta meðferð kröfunnar í allt að tvo mánuði.
5. Í tilkynningu um fjögurra vikna frest til skila á ársreikningi eða samstæðureikningi er tekið skýrlega fram að krafist verði skipta á búi félags geri það ekki fullnægjandi skil innan tilgreindra tímamarka. Tilkynningin er send með almennum pósti á lögheimili viðkomandi félags eða pósthaf ef lögheimili er ekki skráð. Tilkynningin er einnig birt inn á svæði viðkomandi félags á þjónustuvef Skattsins. Ábyrgð á því að lögheimili félags sé skráð með réttum hætti hvílir á stjórn viðkomandi félags.
6. Þegar allir frestir eru liðnir sendir ársreikningaskrá héraðsdómi kröfu um skipti.

7. Krafa um skipti skal vera skrifleg, í tvíriti og þurfa þar að koma fram þau atriði sem talin eru upp í 7. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Dómari metur framlagða kröfu um skipti og tekur ákvörðun um meðferð hennar, eftir ákvæðum laga nr. 21/1991.
8. Ef fullnægjandi ársreikningi að mati ársreikningaskrár, eða samstæðureikningi eftir atvikum, er skilað til ársreikningaskrár eftir að krafa um skipti hefur komið fram en áður en úrskurður um skipti er kveðinn upp, er krafan afturkölluð. Skilyrði afturköllunar er að félag hafi skilað inn öllum eldri ársreikningum, eða eftir atvikum samstæðureikningum, greitt allan kostnað vegna skiptanna og álagðar sektir vegna vanrækslu á réttum skilum ársreiknings.
9. Eftir að dómari hefur kveðið upp úrskurð um að taka bú félagsins til skipta er farið með búið eftir fyrir mælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum þess látna að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra

2. nóvember 2023

Halldór I. Pálsson